

Dagný Arnarsdóttir

# Miðaldaklaustrið á Skriðu

## Gerðir líkkistna



© Dagný Arnarsdóttir 2006.  
Miðaldaklaustrið á Skriðu. Gerðir líkkistna.  
Verkefni Nýsköpunarsjóðs námsmanna 2006.  
Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XIII.  
Ritstjóri: Steinunn Kristjánsdóttir.  
Útgefandi: Skriðuklaustursrannsóknir.  
Útgáfustaður: Reykjavík.

Forsíðumynd: Yfirlitsmynd af gröfum í Skriðuklausturskirkjugarði.

ISBN- 9979-9759-4-6  
ISBN- 13 978-9979-9759-4-6  
EAN- 9789979975946

# EFNISYFIRLIT

<b>ÁGRIP AF SKÝRSLUNNI.....</b>	<b>4</b>
<b>INNGANGUR.....</b>	<b>5</b>
MARKMIÐ.....	5
AÐFERÐ.....	6
<b>SKRIÐUKLAUSTUR .....</b>	<b>6</b>
KLAUSTURGARÐURINN OG UMHEIMURINN .....	7
<b>HEIMILDIR UM SMÍÐI OG GERÐ LÍKKISTNA Á ÍSLANDI .....</b>	<b>9</b>
<b>UPPBYGGING GAGNAGRUNNSINS.....</b>	<b>11</b>
<b>SAMANBURÐUR VIÐ SKÁLHOLTSRANNSÓKN 1954-1958.....</b>	<b>13</b>
SKÁLHOLTSKIRKJA .....	13
SAMANBURÐUR Á GRÖF 66 VIÐ LEGSTAÐ LVII Í SKÁLHOLTI.....	15
<b>NIÐURSTÖÐUR .....</b>	<b>17</b>
<b>HEIMILDASKRÁ.....</b>	<b>19</b>
<b>MYNDASKRÁ.....</b>	<b>20</b>
<b>VIÐAUKAR.....</b>	<b>21</b>
VIÐAUKI 1 TEIKNING AF FRAMGRÖFNUM GRÖFUM 2003-2006 .....	21
VIÐAUKI 2 YFIRLITSTEIKNING AF RÚSTUM SKRIÐUKLAUSTURS .....	22
VIÐAUKI 3 FRUMTEIKNING AF KISTU .....	23
VIÐAUKI 4 LJÓSMYNDIR AF FRAMGRÖFNUM GRÖFUM 2003-2006 .....	24
VIÐAUKI 5 GAGNAGRUNNUR – KISTUR.....	42

## Ágrip af skýrslunni

Skriðuklaustur í Fljótsdal var stofnað árið 1493 og starfrækt til ársins 1554. Á árunum 2002-2006 hefur staðið yfir fornleifauppgröftur á rústum þess og hafa 50 grafir verið grafnar upp úr kirkjugarði klaustursins á tímabilinu. Í verkefni þessu var gerður gagnagrunnur í forritinu Access fyrir gerðir þeirra líkkistna sem fundist hafa í gröfum á Skriðuklaustri. Breytur voru búnar til fyrir grunninn og síðan var öllum fyrirliggjandi upplýsingum um líkkisturnar safnað saman í hann. Með grunninum er hægt að gera margvíslegar greiningar og setja upplýsingar fram á skilvirkan hátt. Einnig hefur slíkur gagnagrunnur mikið gildi sem samanburðarefni fyrir aðrar rannsóknir á íslenskum grafsiðum. Auðvelt er að bæta við upplýsingum í hann og aðgangur að forritinu opinn. Hvað varðar niðurstöður, þá hafa fundist 22 líkkistur á Skriðuklaustri. Þær eru ýmist afturmjókkandi eða jafnbreiðar til botnsins. Allar kisturnar eru smíðaðar með lagi sem vék annarsstaðar á landinu fyrir nýrra lagi á 18. og 19. öld. Skipting afturmjókkandi og jafnbreiðra líkkistna er nokkuð jöfn á Skriðuklaustri en fróðlegt væri að skoða nánar hvar kistugerðirnar fundust og hverjir hvíldu í þeim. Slíkar greiningar má gera með áframhaldandi rannsóknum á gröfunum í gegnum gagnagrunninn. Einnig væri fróðlegt að bera saman niðurstöður Skálholtsrannsóknar hinnar eldri við niðurstöður Skriðurklaustursrannsóknarinnar hvað varðar gerðir líkkistna.

## Inngangur

Vorið 2006 hlutu Skriðuklaustursrannsóknir styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til rannsóknar á gögnum þeim sem liggja fyrir um framgrafnar líkkistur úr Skriðuklausturskirkjugarði. Heiti verkefnisins er *Miðaldaklaustrið á Skriðu í Fljótsdal – gerðir líkkistna* og var Steinunn Kristjánsdóttir umsjónarmaður námsmanns. Vinnan við verkefnið skiptist í fjóra hluta:

- Hreinteikning á frumteikningum af gröfum, beinum og líkkistum frá Skriðuklaustri í tölvuforritinu MicroStation.
- Hönnun og gerð gagnagrunns í forritinu Access utan um það magn upplýsinga sem fyrir liggur um framgrafnar grafir frá Skriðuklaustri. Hluti upplýsinganna lá fyrir en stærstur hluti þeirra var tekinn saman á verkefnistíma. Gagnagrunnurinn var unninn frá grunni og fylgir lokaskýrslu á geisladiski.
- Vinna á vettvangi á Skriðuklaustri við uppgröft, teikningu, gagnaöflun og skráningu í gagnagrunn.
- Söfnun viðeigandi ritheimilda og gerð framvindskýrslna og lokaskýrslu.

Samhliða þessari vinnu voru allar teikningar og ljósmyndir um viðfangsefnið flokkaðar á kerfisbundinn hátt. Yfir 1300 myndir og teikningar af gröfum og beinum frá Skriðuklaustri eru nú mjög aðgengilegar. Notkun alls þessa efnis, auk gagnagrunnsins, mun auðvelda alla greiningu á gröfum Skriðuklausturs í framtíðinni, svo og alla samanburðarvinnu. Hér hefur raunar verið lagður grunnur að áframhaldandi rannsóknum á líkkistum hérlendis. Þessi samantekt er lokaskýrsla verkefnisins.

## Markmið

Líkkistur eru hluti af flóknum grafsiðum og því fer fjarri að hægt sé að rannsaka þær án þess að líta á það umhverfi og samhengi sem þær finnast í. Markmið þessa verkefnis er einkum það að sníða ramma utan um þau gögn sem fyrir liggja um grafsiði – þó einkum líkkistur - í Skriðuklausturskirkjugarði. Rannsóknarspurningin lýtur að gerðum líkkistna og mætti leggja hana fram á þennan hátt: Er marktækur munur á gerð líkkistna í Skriðuklausturskirkjugarði? Ef svo er, er í fljótu bragði hægt að greina þætti sem gætu ráðið þessum mun? Þar sem uppgrefti er ólokið verður ekki

hægt að gefa endanlegt svar við þessum spurningum. Hinsvegar er færi á að greina hvor ákveðinnar tilhneigingar sé nú þegar farið að gæta.

Með þessum gagnagrunni er hægt að gera margvíslegar greiningar og setja upplýsingar fram á skilvirkan hátt. Ekki verða gerðar tæmandi tölfræðigreiningar úr gagnagrunninum í tengslum við þetta verkefni heldur verður hann nýttur til að svara rannsóknarspurningunni.

## Aðferð

Skýrslunni er skipt í sex hluta. Í fyrsta hlutanum er fjallað almennt um Skriðuklaustur og fornleifauppgröfturinn þar kynntur. Nánari kynning á klausturgarðinum fylgir í undirkafla og verður þar reynt að skýra hið fjölþætta hlutverk hans í stuttu máli. Í öðrum hluta er umfjöllun um líkkistusmíði á Íslandi. Í þriðja hluta er fjallað um uppbyggingu gagnagrunnsins en hann er birtur í heild sinni í viðauka 5. Hver gröf fyllir þar eina blaðsíðu. Í fjóra hluta er gerð tilraun til þess að bera niðurstöður saman við Skálholtsrannsókn hina fyrri en það er eina héraðs samamburðarefnið sem liggur fyrir sem stendur. Í fimmta hluta skýrslunnar eru niðurstöður þessa verkefnis dregnar saman. Aftast eru fimm viðaukar, m.a. tvö kort af uppgreftinum á Skriðuklaustri og ljósmyndir af hverri gröf, auk gagnagrunnsins.

## Skriðuklaustur

Eiginlegur fornleifauppgröftur á Skriðuklaustri hófst árið 2002 en tveimur árum áður höfðu verið teknar könnunarholur sem staðfestu kenningar um staðsetningu klaustursins í Kirkjutúni. Tilgangur fornleifauppgræftarinnar er að rannsaka gerð og uppbyggingu munkaklaustursins, sem þar var starfrækt á miðöldum, og þá einna helst byggingarlag og tengsl þess við Evrópu. Við uppgröftinn hefur verið leitað eftir vísbendingum um grunnform og byggingarlag klausturhúsanna og klausturkirkjunnar.<sup>1</sup> Samhliða þessu hefur verið reynt að varpa ljósi á klausturhald með því að skoða gripir og önnur gögn (Gunnarsstofnun, 2002 og Steinunn Kristjánsdóttir, 2005).

---

<sup>1</sup> Uppgreftinum er skipt í ákveða uppgreftarreitir sem merktir eru með bókstöfum. Í viðauka 2 er þessi skipting sýnd á korti.

Áður en uppgröftur hófst sumarið 2006 voru framgrafnar grafir 36 talsins en þær voru rannsakaðar á árunum 2003-2005. Eftir sumarið 2006 hafa 50 grafir verið rannsakaðar og framgrafnar í það heila en 73 grafir hafa verið tölusettar þannig að 23 grafir biða uppgrافتar um sinn. Í tæplega helmingi rannsakaðra grafa hafa verið líkkistur, alls 22 kistur. Ummerki á mörgum hinna uppgröfnu beinagrinda benda til þess að þeir gröfnu hafi ekki gengið heilir til skógar. Af því má álykta af einhvers konar hjúkrunar- og líknarstarfssemi hafi farið fram á Skriðuklaustri. Leifar margvíslegra lækningajurta og áhöld til lækninga, sem fundist hafa við uppgröftinn, styðja það. Grunnform klaustursins kemur betur í ljós ár frá ári og nú þegar er byggingar lag kirkju og klausturhúsa, svo og útlínur kirkjugarðs farin að skýrast (Gunnarsstofnun, 2002 og Steinunn Kristjánsdóttir, 2005).

Ritheimildir gefa til kynna að klaustrið að Skriðu í Fljótsdal hafi verið stofnað árið 1493 og starfrækt til ársins 1554. Þetta er síðasta klaustrið sem stofnað var á Íslandi og var starfstími þess ekki langur miðað við önnur klaustur hérlendis. Klausturkirkjan var mikið hús sem stóð fram á 18. öld. Þá hafði verið byggð ný kirkja og minni sem enn sjást veggjabrot af í gamla kirkjugarðinum. Kirkja var lögð af á Skriðuklaustri árið 1792 (Gunnarsstofnun, 2002).

Ýmsar helgisagnir fylgja staðnum á Skriðuklaustri. Klaustrið var helgað guði almáttugum, Maríu mey og hinu helga blóði Jesú Krists og kemur það m.a. fram í vígslubrési Skriðuklausturskirkju frá 1512. Flest bendir til þess að kórbræður og príorar Skriðuklausturs hafi tilheyrt Ágústínusarreglu. Ætla má að kórbræður hafi aldrei verið fleiri en sex við klaustrið en þeir hafi m.a. sinnt kennslu (Janus Jónsson, 1887, bls. 264, Heimir Steinsson, 1965, bls. 21, Gunnar E. Guðmundsson, 2000, bls. 212, 217 og Gunnarstofnun, 2002).

## Klausturgarðurinn og umheimurinn

Evrópsk klaustur voru iðulega rekin í sérstakri byggingu sem samanstóð af nokkrum, litlum, samföstum vistarverum, kirkju og klausturgarði. Klausturgarður Skriðuklausturs var í senn nýttur sem lækninga- og matjurtagarður sem og staður til að jarðsetja hina látnu. Í miðju hans hafa fundist leifar af brunni, en slíka brunna var yfirleitt að finna í miðjum klausturgarði sambærilegra klaustra í Evrópu (Magnús Már Lárusson 1963, bls. 527-30 og Hales, Mick, 2000, bls. 19).

Líklegt verður að teljast að klausturgarðurinn hafi iðað af lífi á starfstíma klaustursins. Velta má fyrir sér hvers vegna sá háttur var hafður á að jarðsetja þar. Margt hefur breyst á nokkrum öldum, bæði hvað varðar kristna grafsiði og hugmyndir Vesturlandabúa um heilnæmi. Ein breytinganna á grafsiðum er sú að á seinni hluta átjándu aldar hóf dauðinn að öðlast nýja merkingu sem kom fram á ýmsa vegu. Þekktasta birtingarmyndin er líklega í formi legsteina þar sem hin dauðlegu, jarðnesku tákni eins og höfuðkúpan viku fyrir rómantískari táknum (munnleg heimild: Gavin Lucas).



**Mynd 1.** Klausturgarðurinn og hluti kirkju. Neðst fyrir miðju má sjá brunn í miðjum klausturgarði. Grafir hafa verið teknar upp við hann.

Raunar má rekja hugmyndir nútímamanna um kirkjugarðinn sem friðsældarreit til rómantísku hreyfingarinnar á 18. öld en fram að 19. öld voru Evrópskir kirkjugarðar staðsettir nálægt kirkju - sem stóð ósjaldan í miklu þéttbýli. Dæmi um þetta er miðaldakirkjugarðurinn í Exeter í Englandi. Í ritheimildum er honum lýst sem stað iðandi af lífi þar sem gangstígar lágu þvers og kruss. Í garði þessum var brunnur sem fólk úr nágrenninu sótti sér vatn úr. Kirkjugarðurinn í Exeter gegndi margþættu hlutverki; hann var notaður undir ræktun, sem sölutorg, geymsluport fyrir smíði og jafnvel sem íþróttavöllur (Orne, Nicholas, 2004). Þó varasamt sé að reyna að sjá samsvörun hvað Skriðuklausturskirkjugarð varðar má fastlega gera ráð fyrir því að hann hafi verið nýttur á margan hátt á klausturtíma eins og niðurstöður fornleifarannsóknar hafa leitt í ljós.

Að öllum líkindum hefur verið jarðað að Skriðuklaustri í um þrjár aldir; frá því um 1500 allt fram til ársins 1792. Ekki hefur tekist að greina með vissu hvaða grafir tilheyra klausturtíma annarsvegar og lúterskum tíma hinsvegar. Þó liggja nokkrar vísbendingar fyrir í formi algildra kolefnismælinga á beinum (sjá Steinunn



Kristjánsdóttir 2005, bls. 22, 33 o.áfr.). Greining á afstæðum aldri grafanna er verðugt takmark í sjálfu sér því slíkt myndi varpa enn skýrara ljósi á klausturtíma á Skriðuklaustri. Einn þeirra þátta sem hægt væri að styðjast við í slíkri greiningu væri nákvæmlega grafa gagnvart höfuðáttum. Slíkt gæti gefið til kynna við hvora kirkjuna hafi verið miðað við töku grafar, hafi klausturkirkjan og lúterska kirkjan ekki snúið nákvæmlega eins gagnvart áttum. Form líkkistnanna á Skriðuklaustri getur einnig skorið úr um aldur þeirra.

## Heimildir um smíði og gerð líkkistna á Íslandi

Fremur lítið hefur verið skrifað um líkkistur hér á landi. Þó liggur nokkuð fyrir af efni (sjá Jónas Jónasson, 1961; Ásgeir S. Björnsson (ritstj.), 1986; Hjalti Hugason *et al.*, 1988; Kristján Eldjárn, 1988 og Garðar Guðmundsson *et al.*, 2005). Bókin *Íslandsmyndir Mayers 1836*, í ritstjórn Ásgeirs S. Björnssonar, geymir ómetanlegar samtímaheimildir í formi málaðra mynda af íslensku mannlífi. Á bls. 73, 85 og 128 í þeirri bók má finna myndir af kistum. Spurningalistar Þjóðminjasafns Íslands gefa þó hvað gleggsta mynd af líkkistusmíði og grafsiðum 19. og 20. aldar á Íslandi. Gríðarlega mikill efniviður liggur þar og telja svörin rúmlega 100 blaðsíður. Í listum þessum er spurt um flest það sem viðkemur grafsiðum og reynt að fá heimildamenn af báðum kynjum sem og jafna dreifingu yfir landið. Því miður er enginn heimildarmaður frá næsta nágrenni Skriðuklausturs en þó er heimildamenn að finna frá Breiðdalshreppi, Eiðahreppi, Seyðisfirði og Fáskrúðsfirði og væri vert að skoða hvort eitthvað einkenndi svör fólks af Austurlandi. Hafa ber þó í huga að þarna er yfirleitt verið að lýsa gerð og smíði líkkista með annars konar og íburðarmeira lagi en því sem er að finna í Skriðuklausturskirkjugarði. Einnig er varasamt að bera saman aðstæður á klausturtíma við aðstæður 19. og 20. aldar fólks. Af þessum sökum er margt á huldu enn hvað varðar líkkistusmíði á miðöldum þó svo að talsvert sé til af þjóðháttufræðilegum heimildum sem varpað geta góðu ljósi á þann tíma sem þær eiga við.

Talsvert af efni um líkkistur liggur eftir Kristján Eldjárn, en hann stjórnaði fornleifarannsókn í Skálholti á árunum 1954-58. Þar fundust margar kistur. Kristján hefur skipt íslenskum líkkistum, frá miðöldum fram til loka 19. aldar, í tvo meginflokkka:

1. Kistur með „gömlu lagi“, sem eru þó ekki allar eins.
2. Kistur með „nýju lagi“.<sup>2</sup>

Allar kistur, bæði með gömlu og nýju lagi, voru með beinum, lóðréttum göflum og eru því kistur nútímans, sem komu fram undir lok 19. aldar, ekki með í þessari gerðfræði.

Kista með gömlu lagi er einfaldlega kista með beinum hliðum samkvæmt flokkun Kristjáns (1988). Þær eru ýmist jafnbreiðar eða afturmjókkandi. Sumar eru alveg stokklaga með ferningslaga gafl og flötu loki. Aðrar eru með kúptum, burstalöguðum eða trapisulaga gafl. Það síðastnefnda er yfirleitt nefnt ljósberalag (e. lantern) og var lok þeirra gert úr þremur fjölum. Þær fylgdu lagi hins trapisulaga gafls á þann hátt að miðfjöl var lárétt en hliðarfjalir hölluðu út til hliðanna. Kristján telur vera til þess að þetta lag hafi verið mjög algengt hérlendis á óvandaðri líkkistur frá byrjun 18. aldar til loka þeirrar nítjándu. Kistur með gamla stokklaginu, en með burstalöguðu eða kúptu loki (eins og á heimiliskistum), eru mun sjaldgæfari. Þó segir Kristján þær síðarnefndu vera þekktar í aðalsgröfum í N-Noregi frá tímabilinu 1705-1732 og gætu þær hafa fallið undir tíma- og staðbundna tísku hérlendis (Kristján Eldjárn, 1988, bls.140). Annað sem einkennir kistur með gamla laginu, þó ekki allar, eru járnhankar eða höldur til að bera kistuna. Það er þó engin algild regla varðandi þetta. Hið forna, flata og lága stokklag telur Kristján að hafi verið ríkjandi almennt fram yfir aldamótin 1700 en hinar útgáfurnar - einkum “ljósberalag” - voru algengar allt til 19. aldar (Kristján Eldjárn, 1988, bls.142).

Kista með “nýju lagi” var yfirleitt *symetrísk*; hún var sex- eða átthyrnd til gaflsins og fylgdu hliðar, lok og botn lögun hans. Hún gat þú verið afturmjókkandi og hefur þá verið mjög flókin í smíði. Athyglisvert er að á kistum með nýja laginu er ekki að finna neina járnhanka (Kristján Eldjárn, 1988, bls.140). Á sumum kistnanna í Skálholti sáust leifar af flauels- og silkiböndum sem negld höfðu verið neðan á botninn og síðan lögð upp yfir kistuna. Í Hólskirkjugarði í Bolungarvík fundust göt í botni eftir hanka úr reipi.<sup>3</sup> Kristján Eldjárn telur að allar kistur sem fram voru grafnar í Skálholti hafi verið svartar þó svo að litur væri allvíða horfinn (Kristján Eldjárn, 1988, bls. 141; Garðar Guðmundsson *et al*, 2005).

---

<sup>2</sup> Í Skálholti voru þessar kistur allar með sama nýja laginu og byggði Kristján sína gerðfræði á því (sjá Kristján Eldjárn, 1988). Margar útgáfur af nýja laginu hafa fundist í öðrum kirkjugörðum á Íslandi (sjá t.d. Garðar Guðmundsson *et al.*, 2005). Engu að síður er þægilegast að styðjast við gerðfræði Kristjáns með þessum fyrirvara.

<sup>3</sup> Sjá einnig texta við myndir 5-8 í þessari lokaskýrslu.



**Mynd 2:** Þversnið þeirra líkkistna sem algengastar eru á Íslandi frá miðöldum fram til 19.aldar. Talið frá vinstri: Stokkur með flötu loki, hið sexhyrnda „Ljósberalag“, sexhyrnd útgáfa af hinu „nýja lagi“, átthyrnd útgáfa af hinu „nýja lagi“.

Það er einkennandi fyrir alla þróun út frá gamla, flata stokklaginu að kisturnar verða háreistari með tímanum. Lokið lyftist og verður kúptara á einn eða annan hátt, hugsanlega til að ljá hinum látna meiri reisn. „Ljósberalag“ og kistur með kúptu loki eru gott dæmi um þetta og hafa líklega komist í tísku á 18. öld. Eftir þetta verður smíðin flóknari og með fleiri samskeytum (Kristján Eldjárn, 1988). Geirnegling verður algengari á kistum með nýju lagi. Þær bera því keim af hinum vönduðu líkkistum dagsins í dag. „Nýja lagið“ hefur að öllum líkindum komist í tísku hér á landi eftir 1720, þó einkum á meðal heldra fólks. Líklega hafa kistur þessar þó ekki orðið almennar fyrr en um og eftir miðja 19. öld.

Ef borið er saman við nágrannalöndin, þá virðist stokklagið halda lengur velli hér en annars staðar. Í Riddarahólmskirkju í Svíþjóð þokar það fyrir líkkistum með sexhliða þverskurði á 17. öld, en fyrst hjá yfirstéttinni eins og hér. Straumarnir hafa því lengi verið að berast til landsins (Kristján Eldjárn, 1988, bls. 143).


Þrátt fyrir að íslenskar líkkistur þróist í átt til þess að verða hærri og veglegri með tímanum er ekki um beina tímalínu að ræða frá fábreytni til íburðar. Kista með „gömlu“ stokklagi getur verið nýrri en kista með „nýju lagi“, þar sem eldri tíska getur að sjálfssögðu skarast við þá nýrri (Kristján Eldjárn, 1988, bls. 138). Skýringar á slíkri gerðfræðilegri skörun geta tengst efnivið, smíðahefð, smíðakunnáttu og jafnvel efnahag. Skýringar á gerð kistu geta ennfremur verið félagslegar og trúarlegar.

## Uppbygging gagnagrunnsins

Hér fyrir neðan eru lýsingar á þeim breytum sem fyllt var inn í við gerð gagnagrunnsins. Þetta gefur ákveðna hugmynd um viðfangsefnið og hvers konar gögn er um að ræða.

<b>Breyta</b>	<b>Nánari skýring</b>
<b>ID</b>	Tölusettt númer grafar.
<b>Aldursgr.beinasérfr.</b>	Aldursgreining beinasérfræðings í þeim tilvikum sem hún liggur fyrir.
<b>Grófir aldursflokkar:</b> Ungabarn/fyrirburi. Barn/ungmenni, Fullorðinn, Roskinn	Ekki hafa allar beinagrindur verið rannsakaðar og því fylgir hér mjög gróf flokkun. Hugsanlegt er að einhverjir einstaklingar sem flokkaðir eru sem "fullorðnir" séu í raun "rosknir", og öfugt.
<b>Kyn</b>	Líffræðilegt kyn samkvæmt rannsókn beinasérfræðings.
<b>Líkamshæð m</b>	Líkamshæð samkvæmt rannsókn beinasérfræðings.
<b>Í kistu</b>	x = já
<b>Kistugerð</b>	Gerðir eru einkum tvær: Afturmjókkandi og samsíða hliðar. Varðveisluskilyrði bjóða ekki upp á að greina með vissu hvort gaflar séu trapisulaga. Ekki er mögulega að mæla dýpt kistu.
<b>Kista, lengd cm</b>	Lengd kistu, mæld frá miðjum höfuðgafli að miðjum fótgafli.
<b>Kista, höfuðg cm</b>	Breidd höfuðgafls.
<b>Kista, fótg cm</b>	Breidd fótgafls.
<b>Viðargreining</b>	Tegund viðar samkvæmt greiningu
<b>Stelling handa</b>	Handarstellingar flokkaðar í 9 flokka, frá A-I, sjá skýringamynd hér að neðan.
<b>Stelling fóta</b>	Fótastellingar flokkaðar í 3 flokka, frá a-c, sjá texta við skýringamynd hér að neðan.
<b>Aldursgreining (1 sigma)</b>	Aldursgreining samkvæmt kolefnisrannsókn.
<b>Aldursgreining (2 sigma) (AMS)</b>	Aldursgreining samkvæmt kolefnisrannsókn.
<b>Meinafræðilegar breytingar</b>	Ummerki sjúkdóma eða áverka sem sjást á beinum.
<b>Gripir í kistu</b>	Gripir sem fundist hafa í kistu. Hér eru ekki teknir með gripir sem fundist hafa í grafarfyllingu.
<b>Umbúnaður í kistu</b>	Ummerki textíls eða undirlags.
<b>Staðsetning innan garðs</b>	Staðsetning grafar á uppgraftarsvæði, reitir A-R, sjá yfirlitsmynd í lokaskýrslu.
<b>Botnh grafar (ysm)</b>	Botnhæð (dýpsti punktur) grafar. Hæðin er gefin upp í metrum yfir sjávarmáli.
<b>Grafin</b>	Uppgraftarár (2003-2006).
<b>Hreinteikning</b>	Teikning beinagrindar og kistu (ef er).
<b>Athugasemdir á frumteikningu</b>	Athugasemdir skráðar af teiknara á vettvangi.
<b>Annað</b>	Aðrar athugasemdir varðandi gróf, einkum séreinkenni hennar miðað við aðrar grafir.

Möguleikar gagnagrunnsins eru miklir og getur hann veitt skjót svör við margvíslegum spurningum sem við koma framgröfnum gröfum á Skriðuklaustri. Með því að halda upplýsingum til haga á sama stað fæst yfirsýn sem einfaldar og flýttir fyrir allri túlkun, greiningu og samanburði. Í viðauka 5 er útprentun á honum í heild sinni.



**Mynd 3:** Í gagnagrunninum eru handastellingar flokkaðar í þessa ellefu flokka. Fótastellingar eru þrennskonar: Hægri fótleggur lagður yfir þann vinstri (a), beinir fætur (b) og vinstri fótleggur lagður yfir þann hægri (c).


## Samanburður við Skálholtsrannsókn 1954-1958

Þar sem uppgreiftri á Skriðuklaustri er ólokið og margar grafir enn órannsakaðar er því miður ekki hægt að slá föstu hvað ræður gerð þeirra líkkistna sem þar eru. Líklega væri það efniviður í annað verkefni að bera saman kirkjugarðinn að Skriðuklaustri við aðra sambærilega kirkjugarða. Hér verður ekki gerð tilraun til tæmandi samanburðar, enda nær það út fyrir ramma þessa verkefnis. Fróðlegt er þó að bera saman gerðþróun kistna frá Skálholti og Skriðuklaustri og skoða hvort tíðni jafnbreiðra kistna beri einhvern keim af því sem fram kemur varðandi Skriðuklaustursrannsóknina.

### Skálholtskirkja

Líkkistur frá Skálholtskirkju, nánar tiltekið undir norður- og suðurstúku, eru frá tímabilinu 1211-1650. Kistur sem fundust undir framkirkju eru líklega allar yngri en 1650. Kistur eldra tímabils voru allar stokklaga en varðveittust ekki vel. Hinar yngri veita nokkuð góðan fróðleik um líkkistur í Skálholti á þessu tímabili sökum góðrar varðveislu. Kistur yngra tímabils eru ýmist stokklaga eða með “nýja” laginu. Flestir, en þó ekki allir, sem jarðaðir höfðu verið inni í Skálholtskirkju voru lagðir í kistu (Kristján Eldjárn, 1988).

Langflestar kisturnar frá því fyrir 1650, eða 15 af 20, voru afturmjókkandi. Kristján (1988, bls.138) telur það fullvíst að þær hafi allir verið „...mjög einfaldir stokkar“ og er með því að vísa í lóðrétta gafla og hliðar.



Eins og fram kom áður telur Kristján hið forna stokklag hafa verið ríkjandi almennt fram yfir aldamótin 1700. Hann rökstyður það á þann hátt að Jón biskup Vídalín hafi verið jarðaður í slíkri kistu árið 1720 (Kristján Eldjárn, 1988, bls. 142). Hann gerir þó ekki tilraun til að skýra nánar hvers vegna biskupnum nafntogaða er látinn duga „einfaldur stokkur“ þegar aðrar og vandaðri kistutegundir höfðu þá litið dagsins ljós.

Á þeim stokklaga kistum sem í Skálholti fundust voru járnhankar, ýmsir fjórir eða sex talsins. Kistur Skriðuklausturs virðast nær allar hafa verið hankalausar. Þar sem varðveisla á málmum er góð á Skriðuklaustri er erfitt að útskýra þetta.

Athyglisvert er að skoða grafargóss eldri legstaða í Skálholti. Í tveimur hinna jafnbreiðu kistna var annarsvegar krókapar úr silfri (legstaður III) og hinsvegar gullþræðir (legstaður XXI). Kistuleysingjar voru þrjár og þær af voru gullþræðir í tveimur gröfum af þremur (legstaður VII og XI). Afturmjókkandi kistur voru 15 talsins en einungis var góðmálma að finna í einni þeirra (legstaður IX) (Kristján Eldjárn, 1988, bls. 118-121). Þetta gefur til kynna að hinar afturmjóu kistur fremur tilheyrt látlausari grafsiðum.

Kristján Eldjárn segir ungbarnakistur í Skálholti yfirleitt vera eins og fullorðinskistur hvað varðar gerð og smíði. Fylgja þær þeirri þróun sem átti sér stað í átt til meiri íburðar (Kristján Eldjárn, 1988, bls. 137 og 140). Allar barnskistur eldra tímabils voru þó afturmjókkandi.

Niðurstöður samanburðar við eldri legstaði Skálholts gefa því til kynna að jafnbreiðar kistur hafi hugsanlega verið stöðutákn, andlegt eða veraldlegt, en börn virðast ekki hafa verið jarðsett í þeim. Afturmjókkandi kistur virðast tilheyra látlausari grafsiðum. Þrátt fyrir að smíði slíkra kistna hljóti að hafa verið flóknari en smíði jafnbreiðrar kistu þurfti óneitanlega minni smíðavið til verksins. Hugsanlega eru skýringarnar þó trúarlegar eða félagslegar.





5. 6.

7. 8.



**Myndir 5-8:** Göt á botni kistu í gröf 66. Mynd 5 sýnir göt undir og meðfram innanverðum fótgafli (tvöfalda röð) en mynd 7 sýnir göt undir höfðagafla (einfalda röð). Mynd 6 sýnir gröf áður en beinagrind var tekin upp og mynd 8 sýnir þegar kistubotn var hreinsaður fyrir myndatöku.

Voru gerð mistök við smíði líkkistunnar? Gæti kistusmiðurinn hafa ætlað að smíða styttri kistu? Eins og sést á mynd 5 var búið að gera fjögur göt nokkrum sentímetrum nær miðju. Hugsanlegt er þó að aukagötin hafi verið fyrir burðarbönd. Það sem mælir á móti því er að samsvarandi göt voru ekki annarsstaðar á botni kistunnar; götin við höfðagafl voru beint undir gaflinum (eins og ytri röðin við fótgafli) og í þeim höfðu verið trénaðlar. Kistur með götum á botni voru gjarnan með götum meðfram báðum hliðum fyrir 4-8 líkmenn (sjá Garðar Guðmundsson *et al.*, 2005, bls. 89).

Krossofin ábreiða hafði verið breidd yfir líkið. Kistunni er lýst sem sérkennilegri, sterklega smíðaðri en skrautlausri. Hefilspænar voru í kistubotni og fiðurkoddur undir höfði. Gröf þessa telur Kristján vera eldri en frá 1720 (Kristján Eldjárn, 1988). Á bls. 14 má sjá frumteikningu af gröf 66 frá Skriðuklaustri, grafin sumarið 2006, og er óneitanlega margt líkt með þessum tveimur gröfum.




## Niðurstöður


Fyrri rannsóknarspurning þessa verkefnis snýr að því hvort marktækur munur sé á gerð líkkistna í Skriðuklausturskirkjugarði. Við skoðun gagnagrunnsins kemur í ljós að allar tilheyra þær hinu „gamla“ stokklagi; engar kistur af hinni „nýju gerð“ hafa fundist, samkvæmt skilgreiningu Kristjáns Eldjárns. Kisturnar eru hinsvegar ólíkar að lögun.

Ekki er alltaf hægt að fullyrða hvort gafl sé trapisulaga eða beinn sökum varðveisluskilyrða í jörðu. Þó virðist meirihluti kistna á Skriðuklaustri skarta trapisulaga gafl. „Ljósberalag“ er því það lag sem algengast er á þessum kistum. Hvað varðar lögun kistubotns liggja niðurstöður ljósar fyrir. Af þeim 22 kistum sem grafnar hafa verið upp eru tólf með afturmjókkandi botni en tíu með jafnbreiðum botni/samsíða hliðum. Nokkrar mismunandi smíðaútfærslur, einkum á fótgafl og kistubotni, er að finna á kistunum og kemur það fram í gagnagrunni.

Tölur um hlutfall afturmjókkandi og jafnbreiðra kistna segja hinsvegar aðeins hálfu söguna. Sé litið til þess hvar kisturnar fundust eru hlutföllin önnur. *Allar* kistur sem grafnar voru upp innan veggja kirkjunnar voru með samsíða hliðum/jafnbreiðum botni. Í þremur þessara kistna fundust leifar af bókum. Utan kirkju voru alls sextán kistur, allar gripalausar. Um fjórðungur þeirra kistna voru með samsíða hliðum/jafnbreiðum botni, alls fjórar kistur. Aðrar kistur í kirkjugarðinum voru með afturmjókkandi botni, alls tólf kistur. Séu þessar fjóru jafnbreiðu kistur í kirkjugarði skoðaðar með tilliti til aldurs þá tilheyra þrjár þeirra *börnum*. Sú fjórða tilheyrir



fullorðinni konu. Einungis er að finna eina afturmjókkandi barnakistu og er hún fremur lítið afturmjókkandi. Niðurstaðan er því sú að sé um jafnbreiða kistu að ræða í Skriðuklausturskirkjugarði eru nær allar líkur á því að hún tilheyrir einstaklingi gröfnum innan kirkju eða barni - nema hvorutveggja sé.



**Mynd 9:** Lögur líkkistna í kirkju og kirkjugarði/klausturgarði. Þær kistur sem falla innan punktalínu fundust innan kirkjuveggja. Á myndina vantar kistu í gröf 68 en hún var afar smágerð og því vart greinanleg í þessum mælikvarða. Kistan var jafnbreið að lögun og væri efst fyrir miðju á yfirlitsmynd þessari, innan kirkjuveggja.

Jákvætt svar við fyrri rannsóknarspurningunni er ávísun á afar spennandi rannsóknarefni á líkkistum. Þegar allar grafir í Skriðuklausturskirkjugarði verða framgrafnar væri hægt að gera ítarlega rannsókn á því hvaða þættir gætu ráðið áður nefndum mun á gerðum kistnanna, verði hann enn til staðar að lokinni rannsókn. Hvers vegna virðast allir, sem hingað til hafa verið grafnir upp, vera jarðsettir í stokklaga kistum þegar hinar nýju kistur voru komnar fram töluvert áður en kirkjan á Skriðuklaustri lagðist af? Hvað gæti ráðið hinum mismunandi smíðaaðferðum, einkum á botni og fótgafli kistnanna? Hvers vegna er þessi skýra fylgni á milli jafnbreiðrar kistu og staðsetningu innan veggja kirkjunnar? Hvers vegna virðast börn frekar vera lögð í kistur með samsíða hliðum? Gæti hugsast að hinir einföldu, jafnbreiðu stokkar hafi verið trúarlegt stöðutákn? Vonandi verður þess ekki langt að bíða að reynt verði að svara þessum spurningum.

## Heimildaskrá

Ásgeir S. Björnsson. (1986). *Íslandsmyndir Mayers, gerðar af Auguste Mayer o.fl. í leiðangri Paul Gaimards um Ísland fyrir 150 árum*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Garðar Guðmundsson, Gavin Lucas, Hildur Gestsdóttir & Sigríður Þorgeirsdóttir. (2005). Excavations at Hólskirkja, Bolungarvík. *Archaeologia Islandica 2005*, bls. 81-102.

Gunnar E. Guðmundsson. (2000). *Íslenskt samfélag og Rómarkirkja*. Kristni á Íslandi, II. bindi. Reykjavík: Alþingi.

Gunnarsstofnun. (2002). *Skriðuklaustur*. Skoðað 16. september 2006 á slóðinni <http://www.skriduklaustur.is/is/sida/skriduklaustur/klaustur.htm>

Hales, Mick. (2000). *Monastic Gardens*. New York: Stewart, Tabori og Chang.

Heimir Steinsson. (1965). *Saga munklífis að Skriðu í Fljótsdal*. Sérefnisritgerð til embættisprófs við Guðfræðideild Háskóla Íslands. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Hjalti Hugason og Jón Hnefill Aðalsteinsson. (1988). *Íslensk þjóðmenning, trúarhættir, norræn trú, kristni, þjóðtrú*. Reykjavík: Þjóðsaga.

Janus Jónsson. (1887). Um klaustrin á Íslandi. *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 8. árg, bls. 174-265.

Jónas Jónasson. (1961). *Íslenskir þjóðhættir*. Einar Ól. Sveinsson bjó undir prentun. Reykjavík: Ísafold.

Kristján Eldjárn. (1988). Legstaðir (bls.111-146). Í Kristján Eldjárn, Hákon Christie og Jón Steffensen. (1988). *Skálholt, Fornleifarannsóknir 1954-1958*. (Ritröð). Reykjavík: Lögberg.

Magnús Már Lárusson. (1963). Kloster. *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*, dálkar 527-546. Reykjavík: Bókaverzlun Ísafoldar.

Orne, Nicholas. (2004). The Dead Beneath Our Feet. *History Today*. 54:2, bls.19-25. Skoðað 16. september 2006 á slóðinni [http://www.historytoday.com/dt\\_main\\_allatonce.asp?gid=19779&aid=&tid=&amid=19779&g19779=x&g19772=x&g30026=x&g20991=x&g21010=x&g19965=x&g19963=x](http://www.historytoday.com/dt_main_allatonce.asp?gid=19779&aid=&tid=&amid=19779&g19779=x&g19772=x&g30026=x&g20991=x&g21010=x&g19965=x&g19963=x)

Steinunn Kristjánsdóttir (2005). *Skriðuklaustur – hibyli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2005*. Skýrslur Skriðuklaustursrannsóknna XI. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.

## Myndaskrá

Mynd 1: *Klausturgarðurinn og hluti kirkju*. Myndina gerði Dagný Arnarsdóttir í forritinu MicroStation. Veggjahleðslur eru byggðar á eldri teikningu sem Ragnheiður Gló Gylfadóttir gerði í sama forriti.

Mynd 2: *Þversnið þeirra líkkistna sem algengastar eru á Íslandi frá miðöldum fram til 19.aldar*. Myndina gerði Dagný Arnarsdóttir.

Mynd 3: Í gagnagrunninum eru handastellingar flokkaðar í þessa ellefu flokka. Fótastellingar eru þrennskonar: Hægri fótleggur liggur yfir þann vinstri (a), beinir fætur (b) og vinstri fótleggur liggur yfir þann hægri (c).

Mynd 4: *Frumteikning af gröf 66 á Skriðuklaustri*. Myndina teiknaði Þóra Pétursdóttir á vettvangi.


Mynd 5, 6, 7 og 8: Ljósmyndir tók Dagný Arnarsdóttir á vettvangi.

Mynd 9: *Lögun líkkistna í kirkju og kirkjugarði/klausturgarði*. Myndina gerði Dagný Arnarsdóttir í forritinu MicroStation.

# Viðaukar


## Viðauki 1 Teikning af framgröfnum gröfum 2003-2006

Allar grafir frá Skriðuklausti, auk reitaskiptingar uppgraftar.



# Viðauki 2 Yfirlitsteikning af rústum Skriðuklausturs

Yfirlitsteikning af rústum Skriðuklausturs.




## Skriðuklaustur í Fijótsdal

Fornleifarannsókn 2002 - 2005

- ☐ TORF
- ▣ TIMBUR
- ◼ STEINN
- 2 m/áttar
- N

# Viðauki 3 Frumteikning af kistu

Skissa af dæmigerðri kistu frá Skriðuklaustri.



## Viðauki 4 Ljósmyndir af framgröfnum gröfum 2003-2006

Ljósmyndir af öllum gröfum á Skriðuklaustri, framgröfnum tímabilið 2003-2006.



## *Viðauki 1*

*Gröf 1*



*Gröf 2*



*Gröf 3*



Gröf 4



Gröf 6



Gröf 7



Gröf 8



Gröf 9



Gröf 11



Gröf 12



Gröf 13



Gröf 15



Gröf 16



Gröf 18



Gröf 19



Gröf 20



Gröf 21



Gröf 22



Gröf 23



Gröf 25



Gröf 26



Gröf 28



Gröf 29



Gröf 30





Gröf 32



Gröf 33



Gröf 42



Gröf 43



Gröf 44



Gröf 45



Gröf 46



Gröf 47



Gröf 51



Gröf 53



Gröf 56



Gröf 57



Gröf 58



Gröf 60



Gröf 61



Gröf 62



Gröf 63



Gröf 65



Gröf 66



Gröf 67a



Gröf 67b



Gröf 68



Gröf 69



Gröf 70





Gröf 71



Gröf 72



Gröf 73 (beinagrind í sniði grafar 1, 2003-36-112)



## Viðauki 5 Gagnagrunnur – kistur

Gagnagrunnur yfir grafir frá Skriðuklaustri í Fljótsdal (sjá undir liðnum Gagnagrunnar).

## Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna

- I. Steinunn Kristjánsdóttir 2003: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfanga-skýrsla fornleifarannsókna 2002*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- II. Magnús Sigurgeirsson 2003: *Skriðuklaustur í Fljótsdal – fornleifarannsókn 2002. Gjóskulagagreining*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- III. Jonathan Møller 2003: *Identification of Skriðuklaustur's animal bones 2002*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- IV. Steinunn Kristjánsdóttir 2004: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfanga-skýrsla fornleifarannsókna 2003*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- V. Giuseppe Venturini 2004: *Preservation Condition of Metal Objects From Skriðuklaustur Excavation 2003*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- VI. Hákon Jensson 2004: *Garðrækt í Skriðuklaustri*. Verkefni Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- VII. Albína Hulda Pálsdóttir 2004: *Bókagerð í miðaldaklaustrinu á Skriðu í Fljótsdal*. Verkefni Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- VIII. Macchioni, Nicola og Lazzeri, Simonia 2004: *Anatomical identification of the wooden samples from the Skriðuklaustur excavation (samples collection summer 2003)*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- IX. Steinunn Kristjánsdóttir 2005. *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla Skriðuklaustursrannsókna 2004*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- X. Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2005. *Miðaldaklaustrið á Skriðu. Leirker*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XI. Steinunn Kristjánsdóttir 2006. *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla Skriðuklaustursrannsókna 2005*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XII. Þóra Pétursdóttir 2006. *Sjónarhólskofi á Múlaafrétti. – rannsókn og uppgröftur 8.- 15. ágúst 2006*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XIII. Dagný Arnarsdóttir 2006. *Miðaldaklaustrið á Skriðu. Gerðir líkkistna*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XIV. Elsa Pacciani 2006. *Anthropological description of skeletons from graves no. 4, 62, 65, 66, 67 and 68 at Skriðuklaustur Monastery*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.